

Hvaða meistara þarf og getur einhver meistarinn verið byggingarstjóri ?

[Sjá 31. Gr. Byggingarreglugerðar](#)

Við stjórn byggingarframkvæmda hvers mannvirkis skal vera einn byggingarstjóri.

31.1 Byggingarstjórar geta verið:

- a) *Húsasmíðameistarar, múrarmeistarar, pípulagningameistarar, vélvirkjameistarar, rafvirkjameistarar og byggingariðnfræðingar sem hlotið hafa viðurkenningu samkvæmt skipulags- og byggingarlögum og tilskilið starfsleyfi.*
- b) *Arkitektar, verkfræðingar, tæknifræðingar og byggingarfræðingar með þriggja ára reynslu af verk- og byggingarstjórn eða byggingareftirliti.*

31.2 Sá sem tekur að sér að vera byggingarstjóri við tilteknar byggingarframkvæmdir skal tilkynna byggingarfulltrúa um það og framvísa jafnframt nauðsynlegum gögnum eða skilríkjum um að hann uppfylli þau skilyrði sem sett eru um byggingarstjóra. Einnig skal hann, ef hann er ekki sjálfur eigandi byggingarréttarins, framvísa yfirlýsingu eða samningi við eigandann um að hann hafi verið ráðinn til verksins. Byggingarfulltrúi lætur byggingarstjóra í té staðfestingu á því að hann sé byggingarstjóri við viðkomandi byggingarframkvæmdir enda séu formskilyrði uppfyllt og byggingarstjórinn hafi með undirritun sinni staðfest ábyrgð sína á framkvæmd verksins.

31.3 Byggingarstjóri getur, að öðrum skilyrðum uppfylltum, einnig tekið að sér ábyrgð á einstökum verkþáttum byggingarframkvæmdar, sbr. gr. 37.

31.4 Byggingarstjóra (byggingarleyfishafa/iðnmeistara, eftir því sem við á) er skylt að sjá svo um að aflað sé nauðsynlegra heimilda í sambandi við byggingarframkvæmdir, eftir því sem lög og reglugerðir mæla fyrir.

□ Varðandi hvaða meistara þarf er vísað í [gr. 38-47 í byggingarreglugerð.](#)